



Húnnavatnshreppur

| Skeiða- og Gnúpverjahreppur |                     |
|-----------------------------|---------------------|
| Bnr.                        | K/S <i>30.10.18</i> |
| Ábm.                        | Svfr.               |
| Afgr.                       | )Bréf ( )St.        |
| Lvm.                        | Trm.                |

Húnnavatnshreppur  
Húnavöllum, 541 Blönduós  
Sími: 452 4660 / 452 4661  
hunavatnshreppur@hunavatnshreppur.is  
hunavatnshreppur.is

Húnavöllum, 25. október 2018.

*Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Árnesi  
801 Selfoss*

**Efni:** Bókun sveitarstjórnar

Eftirfarandi var bókað í gjörðabók Húnnavatnshrepps á 209. fundi sveitarstjórnar sem haldinn var þann 24. október 2018.

**9. Frestað erindi frá 208. fundi sveitarstjórnar:**

- a. *Lagt fram að nýju bréf Umhverfisstofnunar, dagsett 10. september 2018.*
  - i. **Efni:** Tillaga að friðlýsingu svæðis í verndarflokki rammaáætlunar til kynningar, Suðurland-vatnasvið Jökulfall og Hvítár í Árnessýslu: 32 Gýgjarfossvirkjun og 33 Bláfells wirkjun.
    1. *Sveitarstjóri lagði fram svarbréf við bréfi Umhverfisstofnunar, þar sem Húnnavatnshreppur andmælir friðlýsingu svæðis innan Húnnavatnshrepps.*

Þessi afgreiðsla sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Með bréfi þessu er afrit af bréfi Húnnavatnshrepps til Umhverfisstofnunar.

Virðingarfullst,  
fyrr hönd sveitarstjórnar Húnnavatnshrepps,

Einar Kristján Jónsson,  
sveitarstjóri



Húnavöllum, 25. október 2018

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

**Efni: Athugasemdir Húnnavatnshrepps varðandi tillögu að friðlýsingu svæðis í verndarflokki rammaáætlunar, byggt á umfjöllun um virkjunarkostina Gýgjarfossvirkjun og Bláfellsþirkjun**

Vísað er til erindis Umhverfisstofnunar, dags. 10. september 2018, með yfirskriftina; *Tillaga að friðlýsingu svæðis í verndarflokki rammaáætlunar til kynningar – Suðurland – Vatnasvið Jökulfalls og Hvítár í Árnессýslu: 32 Gýgjarfossvirkjun og 33 Bláfellsþirkjun.*

Sveitarstjórn Húnnavatnshrepps tók erindið til umfjöllunar á fundi, dags. 19. september 2018, erindinu frestað. Sveitarstjórn tók erindið til umfjöllunar að nýju á fundi sínum þann 24. október 2018.

**Afmörkun svæðis tillögu um friðlýsingu**

Sveitarstjórn Húnnavatnshrepps gerir alvarlegar athugasemdir við afmörkun svæðis, sbr. Kort af svæðinu sem var fylgiskjal með erindi Umhverfisstofnunar. Húnnavatnshreppur telur að möguleg friðlýsing geti einungis varðað svæði sunnan vatnaskila á Kili og þar með utan sveitarfélagamarka Húnnavatnshrepps.

Samkvæmt erindi Umhverfisstofnunar er ætlunin að friðlýsa vatnasvæði Jökulfalls og Hvítár í Árnессýslu, á grunni flokkunar virkjunarkostanna Gýgjarfossvirkjunar og Bláfellsþirkjunar samkvæmt þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða frá 14. júlí 2013.

- Sveitarfélagamörk Húnnavatnshrepps og Bláskógbabyggðar koma fram á áðurnefndu korti, auk helstu vatnsfalla á svæðinu. Sveitarfélagamörkin voru sett niður með samkomulagi 1985 og byggja á því að mörkin liggi á vatnaskilum. Fyrirliggjandi tillaga nær bersýnilega yfir svæði á Kili, þar sem vatn fellur til norðurs og yfir Blöndukvíslar úr Blöndujökli og kvíslar úr Kvíslajökli.
- Það stenst enga skoðun að vatnasvið Blöndu sé fellt undir friðlýsingu. Vatnasvið árinnar stendur undir rekstri Blönduvirkjunar og getur friðlýsing þess svæðis skapað ófyrirséð lagaleg álitaefni og haft áhrif á rekstur virkjunarinnar til framtíðar.
- Afmörkun vatnasviða Hvítár og Jökulfalls koma fram við umfjöllun við 2. áfanga rammaáætlunar, vegna Gýgjarfossvirkjunar og Bláfellsþirkjunar. Vatnsvið virkjananna var ekki skilgreint inn fyrir sveitarfélagamörk Húnnavatnshrepps samkvæmt þeirri vinnu. Vísað er til upplýsingablaða um virkjunarkost 2. áfanga rammaáætlunar; <http://www.ramma.is/media/beinleid/Minnisblad-32-Gygiarfossvirkjun.pdf> og <http://www.ramma.is/media/beinleid/Minnisblad-33-Blafellsvirjkjun.pdf>.

- Afmörkun svæðis samkvæmt fyrirliggjandi tillögu hefur ekki verið unnin í samræmi við þær forsendur sem kynntar eru í brefi Umhverfisstofnunar, þ.e. bls. 48-49 í lokaskýrslu verkefnisstjórnar 2. áfanga rammaáætlunar. Friðlýsingin nær út fyrir vatnasvið Jökulfalls og Hvítár.
- Tillaga að friðlýsingu hvílir á þingsályktun frá 2013, gögnum að baki ályktuninni og 6. gr. laga um verndar og orkunýtingaráætlun, varðandi stöðu vatnasviða virkjana sem þá voru feldar í verndarflokk. Dregið er í efa að möguleg friðlýsing á þessum grunni, á svæðum innan Húnavatnshrepps, geti talist lögmæt enda liggja sveitarfelagamörk á vatnaskilum.

### **Sjónarmið varðandi heimild til friðlýsingar.**

Húnavatnshreppur vill jafnframt vekja athygli á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og stöðu mögulegrar friðlýsingar á grunni þingsályktunar frá 14. júlí 2013. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laganna gildir að leggja skuli fram áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða fram eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti. Þingsályktunin frá 14. júlí 2013, sem tillaga um friðlýsingu hvílir á, ætti því að hafa fengið endurskoðun. Fyrirhugaður gildistími tillögunnar og Alþingi hlýtur að hafa byggt á samkvæmt 3. gr. laganna, er því liðinn.

Í athugasemd við 6. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun, þar sem fram kemur hvernig standa eigi að friðlýsingu, er þýðingu lagaskyldu um endurskoðun áætlunarinnar vegna þess skýrð. Þar segir m.a.:

*Er við það miðað að ákvörðun um friðlýsingu, sbr. 58. eða 59. gr. náttúruverndarlaga, liggi almennt fyrir áður en endurskoðuð verndar- og nýtingaráætlun er lögð fyrir Alþingi að fjórum árum liðnum.*

Bent er á að ný þingsályktunartillaga var lögð fram á Alþingi 2016 og 2017 (145. og 146. löggjafarþing), eftir að vinnu við 3. áfanga rammaáætlunar var lokið. Tillagan var ekki afgreidd af Alþingi. Umfjöllun um málið á Alþingi hefur m.a. varðað það hvort taka eigi eldri virkjunarkosti sem flokkaðir voru samkvæmt 2. áfanga rammaáætlunar til endurmats eftir aðferðafræði 3. áfanga. Starfsreglur verkefnisstjórnar verndar- og orkunýtingaráætlunar gera jafnframt ráð fyrir þeim möguleika, sbr. reglur nr. 515/2015, birtar í B-deild stjórnartíðinda.

Gjalda verður varhug við að byggja ákvarðanatöku sem getur haft varanleg áhrif um nýtingu landsvæða til framtíðar á þingsályktun, sem lög gera ráð fyrir að eigi að vera búið að endurskoða.

Virðingarfyllst,

Einar Kristján Jónsson  
sveitarstjóri Húnavatnshrepps.



**Afrit sent.**

Hrunamannahrepp, Bláskógabyggð og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.